

Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum nr. 50 1993.

Alþingi
Erindi nr. P 123/826
komudagur 15.1.'99

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík.

Þótt ég hafi ekki fengið til umsagnar frumvarp það til breytinga á skaðabótalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, tek ég mér það bessaleyfi að koma hér á framfæri nokkrum athugasemdum varðandi málið.

Ástæður þessar eru í fyrsta lagi, að ég á sínum tíma (18. febrúar 1994) var skipaður í nefnd til að endurskoða tiltekin atriði skaðabótaganna. Ég hef síðan fylgst með umræðum um þau ásamt breytingum sem á þeim hafa verið gerðar, enda er þetta svið réttarins mjög áhugavert faglega séð. Hér er þess rétt að geta að hækkun stuðulsins með lögum nr. 42 1996 var gerð í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 30. mars 1995 þar sem kveðið var á um að framtíðarárvöxtun skyldi miða við 4,5% í stað 6% sem áður hafði verið. Þetta má sjá af þingskjölum. Hér er algert samræmi milli breytinga dómsins á vaxtafætinum og stuðulsins í lögum.

Í öðru lagi sakna ég þess, að í greinargerð með frumvarpinu er í engu vikið sjálfstætt að þeim lögfræðilegu spurningum sem upp koma ef breytingarnar verða að lögum. Þetta tengist því að nú upp á síðkastið hafa verið í Hæstarétti kveðnir upp dómur, sem ekki verður betur séð en marki almenna löggjafana, Alþingi, nokkurn bás við lagasetninguna vegna tilvísana til ákvæða í stjórnarskrá. Það er athyglisvert við suma þessara dóma að í þeim er meira sagt en endilega var nauðsynlegt til að leysa úr viðkomandi sakarefni. Framsetningin er því á þann veg, að hún felur í sér skýringar á því hvaða kröfur verði gerðar til skaðabótaganna. Þetta tel ég mikinn kost dómanna, því að stundum eru forsendur dóma full knappar.

Í þriðja lagi fylgja ekki heldur neinar skýringar eða útreikningar á áhrifum þeirra breytinga sem til eru lagðar. Af greinargerð með frumvarpstextanum sjálfum verður með engu móti séð hvaða áhrif þær hafa.

I

Atriði úr dómum Hæstaréttar og 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Hér verða nefnd fáein atriði í dómunum sem máli skipta. Tilgreint verður aðeins málnúmer og uppkvaðningardagur í óbirtum dómum. Aðeins verða tilgreindar úrlausnir þeirra atriða sem þýðingu hafa hér.

1. Hrd. uppkveðinn 4. júní sl. í málinu nr. 317/1997.

A. Í fyrsta lagi reyndi á jafnræði og eignarréttarlega vernd samkvæmt stjórnarskrá, annars vegar tekjulausra tjónþola samkvæmt 8. gr. skaðabótaganna og hins vegar þeirra sem hafa marktækar atvinnutekjur, sbr. 5. og 7. gr.

Um þetta segir í forsendum dómsins.

"Líta verður svo á, að í 5. – 7. gr. skaðabótalaga komi fram aðalreglur um ákvörðun bóta vegna skerðingar á varanlegri örorku. Í 8. gr. laganna er fólgið undantekningarákvæði, sem aðeins verður beitt, þegar ekki eru fyrir hendi *raunhæfar forsendur með tilliti til reynslu að ákvarða líklegt tekjutap*. Mismunandi niðurstaða, er leiða kann af ólíkum reiknireglum þessara ákvæða, getur verið tjónþolum úr báðum hópum til hagsbóta og verður því ekki fyrirfram slegið föstu, að á tjónþola í öðrum hópnum halli, ef til bótaákvörðunar kemur. Þá skiptir og máli, að tjónþolar í hvorum hópnum um sig sæta samskonar aðferðum við ákvörðun bóta, eftir því sem aðstæður eru til. Þegar til alls er litið verður að fallast á, að 1. mgr. 8. gr. skaðabótalaga sé reist á skýrum málefnalegum forsendum. Verður hún ekki talin andstæð þeim megintilgangi laganna, að tjónþoli fái almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sitt. Hún gengur þannig ekki í berhögð við stjórnarskrárvarinn réttindi áfrýjanda."

(Leturbr. hér)

Hér sýnast "fullar bætur" teljast til stjórnarskrárvarinna réttinda ásamt því að 1. mgr. 8. gr. skaðabótalaga sé reist á skýrum málefnalegum forsendum.

B. Þá reyndi einnig með sama hætti og í A- lið á 1. ml. 2. mgr. 8. gr. um að greiða ekki örorkubætur, ef miskastig væri lægra en 10% (áður 15%) en í 5. – 7. gr. er ekkert slíkt mark.

Um þetta segir í hæstaréttardóminum.

"Sú tilhögun, að engar örorkubætur verði greiddar upp að ákveðnu lágmarki miskastigs, mun einkum vera rökstudd þannig, að minni háttar örorka leiði yfirleitt ekki til raunverulegs fjártjóns eða skerðingar á aflahæfi. Að því er þó að hyggja, að í aflahæfi manna eru fólgin eignaréttindi, sem njóta verndar eignaréttarákvæðis stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, áður 67. gr. en nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Löggjafinn hefur engu að síður heimild til að setja reglu um það, hvornig ákvarða skuli bætur, þegar aflahæfi manna er skert, *enda sé markmið slíkra reglna, að fullar bætur komi fyrir. Við setningu þeirra verður að gæta lögmæltra skilyrða, er meðal annars lúta að jafnræði borgaranna, sbr. nágildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar og þær ólögfestu meginreglur á þessu sviði, sem áður giltu.*"

(Leturbr. hér)

Meirihluti Hæstaréttar féllst þannig á, að staða tjónþola með miskastig vegna varanlegrar örorku undir tilteknu lágmarki væri augljóslega mismunandi eftir því, hvort þeir féllu undir 5. – 7. gr. skaðabótalaga eða 8. gr. þeirra. Varð því niðurstaðan:

"Slík mismunun fer í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr., og verður ekki réttlætt með því, að um smávægileg tjón sé að ræða, sem erfitt sé að færa sönnur að."

Niðurstaða minnihlutans varð:

"Munurinn á þeim sem hafa vinnutekjur og þeim sem ekki hafa þær gerir þegar að verkum að tilvikin eru ekki sambærileg þegar litið er til ákvörðunar bóta."

2. *Hrd. uppkveðinn 22. maí sl. í málinu nr. 311/1997.*

Þessi dómur er að miklu leyti tekinn upp í fylgiskjali II með frumvarpinu bls. 64 – 65. Og vísast til hans þar. Ítreka má þó að í honum segir (bls. 65):

"Með skaðabótalögum nr. 50/1993 var bætt úr brýnni þörf fyrir lögfestar reglur á þessu sviði."

Og enn fremur segir á sömu síðu:

"Ekki verður annað séð en að þau ákvæði skaðabotalaganna, sem hér er um fjallað, þ.e. 5. – 7. gr., eins og þau voru við setningu laganna 1993 hafi stuðst við málefnaleg sjónarmið og ekki falið í sér mismunun."

Hér er skýrlega undirstrikuð brýn þörf á lögfestum reglum og þar með stöðluninni sem var eitt af nýmælum skaðabotalaganna ásamt þeim skilyrðum að byggt sé á málefnalegum sjónarmiðum og þau feli ekki í sér mismunun.

Á sama hátt og í dóminum undir 1.- lið er vísað til þess að í aflahæfi manna séu fólgin eignarréttindi, sem njóti verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar.

3. *Hrd. uppkveðinn 7. maí sl. í málinu nr. 281/1997.*

Í þessu máli var samkomulag milli málsaðila um fjárhæð tímabundins atvinnutjóns kr. 2,2 millj. Tjónþoli hafði fengið það greitt úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóði verkalýðsfélags. Engu að síður krafði hann váttryggingarfélagið um bætur sem námu sömu fjárhæð og fékk dóm fyrir þeim af þeirri ástæðu, að lagaheimild skorti til að draga áður nefndar upphæðir frá skaðabótum á hendur váttryggingarfélaginu. Að öðru leyti vísast til dóms Hæstaréttar í málinu upphafs II. kafla en þar segir:

"Við skýringu 2. mgr. 2. gr. skaðabotalaga verður að hafa í huga að ákvæðið er reist á þeirri meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli skuli ekki eiga rétt á hærri bótum en sem svarar raunverulegu fjártjóni hans."

Álykta verður almennt af þessum orðum að tjónvaldi verði ekki gert að greiða meira en sem nemur tjóni tjónþolans. Þótt í frumvarpinu sé ekki gert ráð fyrir breytingu í þessu efni hafa höfundar þess fallist á breytingu á 2. mgr. 2. gr. skaðabotalaganna, sbr. 3. punkt í bréfi þeirra til allsherjarnefndar dags. 9. des. sl.

Hér skulu einnig tilgreind til hagræðis þau ákvæði sem til er vísað í dómunum:

4. *Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:*

"..... Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Og í 65. gr. hennar segir:

"Allir skulu jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Hér að framan hafa verið rakin nokkur atriði úr hæstaréttardómum og stjórnarskrá sem þar er vísað til. Niðurstaðan af þessu er

- a. að skipting tjónþola í hópa, annars vegar þeirra sem hafa marktækar fortíðar-tekjur og hinna sem hafa það ekki fer ekki í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar.
- b. Stöðlun skaðabóta er heimil með þeim skilyrðum
 1. að um fullar bætur verði að ræða og
 2. þær fari ekki í bág við 65. gr. stjórnarskrárinnar, og
 3. þær "ólögfestu meginreglur á þessu sviði, sem áður giltu" hrd. 4. júní 1998
- c. að tvíbætur tjóns séu heimilar þegar þær koma frá lífeyris- eða sjúkrasjóðum þar sem heimild skorti í löggin til að draga þær frá skaðabótakröfu á hendur tjónvaldi.

II

Mismunur tjóns reiknað samkvæmt almennum reglum og fjárhæðar "bóta" samkvæmt frumvarpinu.

Í 6. gr. frumvarpsins segir:

"Þrátt fyrir ákvæði 1. – 2. mgr. skal ekki miða við lægri árslaun en tilgreint er í þessari töflu."

Síðan kemur tafla þar sem lágmarkslaun 66 ára og yngri eru ákveðin kr. 1.200.000 miðað við mitt ár 1993 (nú kr. 1.329.000) og við 74 ára aldur kr. 400.000. Til nánari skýringa á þessum texta leyfi ég mér að taka einfalt dæmi um tjónþola með marktæka tekjusögu.

Setjum svo að tjónþolinn A, sem hlýtur 100% varanlega örorku hafi í árslaun kr. 900.000.

| | |
|--|----------------------|
| Bótakrafa miðað við stuðulinn 10 samkvæmt skaðabótalögum nemur | kr. 9 millj. |
| Bótakrafa miðað við lágmarkslaun samkvæmt frumvarpi er | <u>kr. 12 millj.</u> |
| Mismunur umfram skaðabótareglur | kr. 3 millj. |

Engu breytir um ofbæturnar þótt notaður sé stuðull frumvarpsins. Formúlan fyrir fjárhæð bótanna yrði þá miðað við verðlag í desember sl.: Lágmarkslaunin kr. 1.329.000 ÷ raunveruleg laun 996.750 = 332.250 x aldursstuðull tjónþola = ofgreiðsla.

Ofbæturnar næmu þá eftir mismunandi aldri tjónþola þessum fjárhæðum.

| | | | | | |
|-----------------|---------|---|--------|---|-----------|
| 18 ára tjónþoli | 332.250 | x | 17.116 | = | 5.686.800 |
| 25 ára tjónþoli | 332.250 | x | 13.085 | = | 4.347.500 |
| 30 ára tjónþoli | 332.250 | x | 10.626 | = | 3.530.500 |
| 40 ára tjónþoli | 332.250 | x | 7.592 | = | 2.522.000 |
| 50 ára tjónþoli | 332.250 | x | 4.691 | = | 1.558.600 |
| 60 ára tjónþoli | 332.250 | x | 4.155 | = | 1.380.500 |
| 70 ára tjónþoli | 332.250 | x | 2.537 | = | 842.900 |

Hinir fróðustu menn í skaðabótarétti segjast ekki þekkja til hliðstæðrar reglu í skaðabótarétti nágrannaríkja. Það eitt gaf ástæðu til að reifa þessa lágmarksreglu lögfræðilega í athugasemdum með frumvarpinu.

Spurningin er nú hvaða heimild almenni löggjafinn hefur til að skylda tjónvaldinn til fjárframlaga á kr. 3 millj. til A ?

Ljóst er að það verður ekki gert á grundvelli skaðabótaréttar. Reglurnar um reiknisstuðul og um ákvörðun árslauna eru almennar reglur sem ætlað er að gilda jafnt fyrir alla. Þær veita enga heimild til að nota eina reglu fyrir Pétur og aðra fyrir Pál. Það ræðst af 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lið 1 B og lið 4. Ennþá skýrar sýnist krafa um ofangreint fjárframlag rekast á 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. lið að ofan. Hér er um að ræða einstaklingsbundna eignatilfærslu frá tjónvaldi til tjónþola og til hennar þyrfti skýra heimild í stjórnarskrá eins og t.d. er um álagningu skatta. Vátryggingaréttur skiptir aðeins óbeinu máli í þessu sambandi og verður að því vikið síðar.

Í sambandi við regluna um lágmarksviðmiðunarlaun hefur verið vísað til 3. mgr. 7. gr. um hámark bótaskyldra launa kr. 4.500.000. Erfitt virðist að koma auga á hvernig unnt er að samrýma þá reglu 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar eins og þær hafa verið skýrðar í hæstaréttardómunum sem getið er hér að framan. Það er ekki auðséð á hvaða lagagrundvelli er hægt að rökstyðja, að t.d. tjónþoli með 10 millj. kr. árslau skuli vera jafnsettur til bóta og tjónþoli með árslau kr. 4,5 millj. þegar byggt er á tekjureynslu. Fyrir þessu hafa verið nefnd þau rök að reglan væri sett vegna hagsmuna tjónvaldsins. Þetta er ekki sannfærandi. Í 24. gr. skaðabótaganna er regla um að lækka megi bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð og verður það að gerast í einstökum málum. Vandséð er hvernig unnt er að forma almenna reglu í lagatexta um þetta efni. Munurinn á þessum tilvikum er sá að í öðru þeirra er verið að svipta tjónþolann bótum reiknuðum eftir hinum almenna skaðabótaútreikningi en auka við bætur hans í hinu tilvikinu eftir sama mælikvarða.

Hér er ekki verið að gagnrýna regluna um lágmarksviðmiðunina efnislega út af fyrir sig, heldur að henni er ætlað að rata inn í skökk lög. Taka má undir sum þeirra sjónarmiða sem koma fram í umsögn ASÍ svo sem um tíðni tjóna og lág laun hjá sumum hópum félagsmanna þess. Hins vegar er málið tekið hér upp á skökkum vettvangi. Ef miða ætti við lágmarkslaunin sýnist eðlilegast, að ef skaðabótagreiðsla er lægri en þau segja til um að ákvæði yrði sett í III. kafla laga 117/1993 um almanna-tryggingar um greiðslu mismunarins. Einnig geta félögin tekið málið upp í kjarasamningum við vinnuveitendur.

III

Lögfræði og tryggingastærðfræði.

Það hafa verið mistök við skipun nefnda til að fjalla um skaðabótalögin að hafa í þeim eingöngu lögfræðinga. Málið er aðeins að hluta til lögfræðilegt. Tryggingastærðfræðingar hefðu t.d. átt að leggja til reiknistuðlana. Það er alveg ófullnægjandi að gefa þeim einhverjar forsendur til útreiknings af lögfræðingum og nota þá síðan sem reiknivélar til að margfalda og deila. Þeir þurfa að koma inn í verkið sjálf með sínar hugmyndir. Í hinum hefðbundnu bótamálum út af líkamstjónum er áður giltu hefur lengi verið eins konar verkaskipting milli þessara aðila. Tryggingastærðfræðingarnir hafa lagt til reiknistuðlana og allt reikniverkið og það sem því fylgir að undanskilinni afvöxtunarprósentsunni. Verk lögfræðingsins (dómarans) er fyrst og fremst að fjalla um sökina, slá af útreiknaðri fjárhæð fyrir sköttum og eingreiðslu og slíkra atriða og

gæta réttarfarsreglna. Því er miður að Félag tryggingastærðfræðinga hefur ekki fengið frumvarp þetta til umsagnar.

IV

Breytingar vegna reiknisstuðuls.

Lagðar eru til miklar breytingar á reikningsstuðli. Því miður fylgdu frumvarpinu ekki útreikningar er sýndu áhrif þeirra. Nú hefur verið úr þessu bætt a.m.k. að nokkru með útreikningum Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings og Vátryggingar-efirlits og vísast til þeirra gagna hér.

Þegar skaðabótalögin voru sett 1993 var eitt af meginmarkmiðum þeirra að bæta stöðu þeirra tjónþola sem yrðu fyrir stórum örorkutjónum, en draga úr vægi minnstu tjónanna. Þetta sýnist hafa tekist. Reglan í 8. gr. laganna um að örorkubætur til tekjulausra færu hækkandi eftir því sem miskastigið yxi hentaði vel þessu markmiði. Regluna má að sjálfsgöðu útfæra með öðrum hætti en gert er í 8. gr. þótt ekkert sé dregið í efa að danska fyrirmyndin hafi verið ítarlega ígrunduð. Reikningsstuðull frumvarpsins fyrir þennan hóp tjónþola gengur í öfuga átt. Bætur fyrir stóru tjónin stórlækka á flestum aldurs skeiðum. Þó er undantekinn aldurinn 9 – 24 ára og 60 – 70 ára. All oft er lækkunin þriðjungur til helmingur bóta. Á móti stórhækka bætur fyrir litlu tjónin, mest 179% fyrir 10% örorku hjá 18 ára tjónþola en munu hækka ennþá meira fyrir minni örorku. Síðan fer lækkunin vaxandi eftir örorku og aldri, sbr. töflur 1 og 2 með umsögn Vátryggingaefirlits.

Í stærstu dráttum sýnist vera nokkurt jafnvægi milli reiknistuðla frumvarps og laga hjá starfandi tjónþola uppúr hálfertugu en bætur fara síðan lækkandi eftir stuðli frumvarpsins til 60 ára aldurs er nokkurn veginn jafnvægi kemst á. Síðan fara bætur hækkandi til 70 ára aldurs. Sjá hér umsögn Bjarna Þórðarsonar, tafla 2 og 3 og umsögn Bjarna Guðmundssonar. Hér koma ekki til frádráttar bótum greiðslur frá þriðja aðila, en um áhrif þeirra, þ.e. hlutfall tjóns og bóta má fá hugmynd af töflu á bls. 98/99 í frumvarpinu og næstu blaðsíðum.

Þetta þarf að athuga vandlega ef ekki á að snúa alveg við blaðinu frá setningu skaðabótaganna 1993.

V

Fjárhagslegt örorkumat á tjónþolum eftir 8. gr.

Jafnframt þarf ítarlegrar skoðunar á því við hvað sé átt þegar viðhafa eigi fjárhagslegt mat örorku hjá þeim hópi tjónþola sem eru tekjulausir eða hafa ekki marktækar tekjur samkvæmt 7. gr. til viðmiðunar fyrir tjónsatburð. Fjárhagslega örorkan byggist á samanburði á tveimur talnaröðum. Annars vegar framreiknuðum tekjum fyrir tjónsatburð og hins vegar ætluðum tekjum eftir að hann kom til. Þegar önnur talnaröðin, sú fyrri, er ekki fyrir hendi er dagljóst að ekkert fjárhagslegt örorkumat getur átt sér stað. Það kemur skýrt fram í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins að skaðabótalögunum, að fjárhagslega örorkumatinu var ekki ætlað að taka til þess hóps tjónþola sem ætti undir 8. gr. Ófyrirsjáanlegt er hvaða breytingum það ylli ef þessi tillaga frumvarpsins yrði lögfest. Hvernig yrðu þeir metnir sem t.d. vegna persónulegra ástæðna hafa ekki haft vinnutekjur eða þeir sem að meira eða minna leyti hafa haft framfæri sitt af eignatekjum eða börn. Hér er nefnilega um að ræða svo huglæg

matsatriði að ógerningur er að koma að nokkrum hlutlægum sjónarmiðum. Er því ekki stöðlun skaðabóta á þessu sviði tiltækasta úrræðið ? Og segir ekki Hæstiréttur, að "Með skaðabótalögum nr. 50/1993 var bætt úr brýnni þörf fyrir lögfestar reglur á þessu sviði". Kann það ekki að vera, að hinar almennu reglur gildandi laga miðaðar við læknisfræðilega örorku hóps hinna tekjulausu leiði til meira jafnréttis en huglæg mót þar sem við litlar eða engar áþreifanlegar staðreyndir er að styðjast ?

Nauðsynlegt er að fá álit örorkunefndar um, hvernig hún mundi standa að verki varðandi hinn tekjulausa hóp tjónþola.

VI

Umræða og umfjöllun um skaðabótalögin.

Það ber að harma að umræða og umfjöllun um skaðabótalögin hefur í alltof miklum mæli snúist um peningahlið þeirra í stað fræðilegrar athugunar og þeim blandað saman við aðrar greinar réttarins eins og almannatryggingarétt. Vátryggingarfélögin hafi verið þar ofarlega á blaði þótt skaðabótalögin fjalli aðeins að óverulegu leyti um þau. Um starfsemi þeirra gilda lög nr. 60/1994. Þeir sem vilja ná í skottið á vátryggingafélögunum verða að beina spjótum sínum að þeim lögum, matinu á vátryggingaskuldinni, útjöfnunarskuldinni og eigin fé. Nú er á það að líta að vátryggingafélögum er ætlað að dreifa áhættu. Það gera þau með tryggingaiðgjöldunum. Þess vegna skiptir félögin svo óverulegu máli yfir lengri tíma litið þótt bætur hækki. Það kann m.a.s. að vera þeim hagstætt. Sá sem borgar er vátryggingatakin. Á sviði hinna lögboðnu ökutækjatrýgginga er markaðurinn svo einsleitur (tjónaþyngd svipuð hjá Sjóvá og VÍS) að verðsamkeppni þar á milli getur vart orðið sé til lengri tíma litið. Hins vegar kann að verða einhver samkeppni í auglýsingum og þjónustu. Að sjálfsögðu ræðst upphæð iðgjalda ekki eingöngu að fjárhæð bóta heldur einnig af tíðni og stærð tjóna. Það vekur því athygli að sá sem að lokum borgar brúsann t.d. bifreiðaeigendur koma ekki nálægt þessu máli.

Því þarf að spyrja um afstöðu þeirra til að greiða hærri ábyrgðariðgjöld af bifreiðum sínum.

VII

Niðurstaða.


Eins og málið er búið í hendur allsherjarnefndar Alþingis tel ég ekki nokkra von eða sanngirni að ætlast til, að þingmenn hafi ráðrúm til að átta sig nægilega á því. Þess vegna er stungið uppá að kanna þurfi:

1. Réttarstöðuna í skaðabótamálum eftir dóma Hæstaréttar að undanfögnu og að framan eru nefndir. Þetta byggir á því að þeir varða stjórnarskrárbundnar reglur sem snerta skaðabótarétt. Til þess að veita sem öruggastar upplýsingar í þessu efni er Lagastofnun Háskóla Íslands líklegust, þótt ekki verði fyrirfram séð hvernig dómur muni falla.
2. Að fá tryggingastærðfræðing (a) til að endurskoða á eigin spýtur nógildandi reikniverk skaðabotalaganna og gera tillögur um breytingar sem taldar yrðu til bóta. Með excel- forriti mætti auðveldlega reikna út áhrif hugsanlegra breytinga

er gefið gætu gott heildaryfirlit. Einstök dæmi valin af handahófi eru ófullnægjandi í því tilliti.

3. Láta gera skilmerkilega grein á einstökum atriðum yfir það hvernig hin lögbundnu- og kjarasamningsbundnu bótaúrræði skarast við reglur skaðabótaréttarins.

Reykjavík 14. janúar 1999.
Virðingarfyllst,



Guðmundur Skaftason,
fyrirv. hæstaréttardómari,
löggiltur endurskoðandi.

4. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

4.1. Örorikumat.

Bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla (líkamlegra eða geðrænna) eru almennt metnar á grundvelli örorikumats. Unnt er að meta öroruku með ýmsum hætti. Í skaðabótarétti er yfirleitt greint á milli tvenns konar örorikumats. Annars vegar er svonefnt *læknisfræðilegt* örorikumat og hins vegar svonefnt *fjárhagslegt* (félagslegt) örorikumat. Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorikumatstöflur þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla eru metnar til örorukustigs í hundraðshlutum. Í hreinu læknisfræðilegu mati felst að sams konar áverkar (eða eftir atvikum geðrænt tjón) eru metnir til sama hundraðshluta. án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess hver áhrif örorukan hefur á getu hans til þess að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorikumat er hins vegar leitast við að meta til örorukustigs þau áhrif sem líkamsmeiðsli (eða geðrænt tjón) hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi hans til að afla tekna með vinnu.

Í skaðabótamálum hérlendis er almennt notað læknisfræðilegt örorikumat þegar ákveðnar eru bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla. Í ýmsum tilvikum er þó vikið frá örorikumatstöflum að meira eða minna leyti. Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið horfið frá læknisfræðilegu örorikumati þegar fjártjón er metið. Eftir norrænu skaðabótalögum, sem fyrr var getið, skal miða bætur fyrir varanlega öroruku við fjárhagslegt örorikumat.

Hér á landi hefur lengi verið rætt um að æskilegt væri að hverfa alveg frá læknisfræðilegu örorikumati í skaðabótamálum, en dómvenja hefur ekki breyst í þessu efni, enda má telja eðlilegt að svo veigamikil breyting verði gerð með lagasetningu. Rök með breytingu í þessa átt eru m.a. þau að töflur, sem notaðar eru við læknisfræðilegt örorikumat, miðast um of við áhrif líkamsspjalla á vinnugetu manna sem vinna erfiðisvinnu. Sú stöðun, sem í því felst að meta fjártjón á grundvelli læknisfræðilegs mats, er talin valda því að tjónþolar á sama aldri og með sömu tekjur fyrir slys fái sömu eða sambærilegar bætur, ef örorukustig er hið sama. Þótt áhrif öroruku á getu til tekjuöflunar séu mjög mismunandi. Með breytingu á grundvelli örorikumats mælir enn fremur það að læknisfræðileg öroruka hefur í fjölmörgum tilvikum ekki eins mikil áhrif á vinnutekjur tjónþola og ætla mætti eftir metnu örorukustigi. Rannsóknir á Norðurlöndum og víðar sýna að mikill meiri hluti tjónþola með litla læknisfræðilega öroruku, t.d. 15% eða minni, nær fullum vinnutekjum eftir slys. Hins vegar bendir margt til þess að þeir sem búa við mikla varanlega öroruku, t.d. 75% eða meiri, fái ekki fullar bætur fyrir fjártjón það sem þeir verða fyrir vegna varanlegrar skerðingar á vinnugetu. Með því að taka upp fjárhagslegt örorikumat virðist vera unnt að ráða bót á helstu annmörkum sem fylgja læknisfræðilegu mati. Megintilgangur þess að taka upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs er sá að með því má almennt fá raunhæfari grundvöll til að miða varanlegt tekjutap við. Breyting á réttarreglum á þessa lund leysir þó að sjálfsögðu ekki allan þann vanda sem er samfara því að meta til fjár tjón af völdum skerðingar á vinnugetu á ókomnum árum eða áratugum.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til grundvallar að bætur fyrir varanlegt fjártjón vegna líkamsspjalla skuli miða við fjárhagslega öroruku, þ.e. varanlega „skerðingu á getu til að afla vinnutekna“. Samkvæmt því á maður, sem hlotið hefur varanleg líkamsspjöll, ekki rétt á neinum örorukubótum ef sýnt þykir að þau dragi ekki úr getu hans til að afla sér tekna með vinnu. Hins vegar yrðu honum almennt dæmdar bætur fyrir annað tjón, sbr. það sem segir hér á eftir í kaflanum um varanlegan miska. Þessi regla 5. gr. er mjög frábrugðin gildandi rétti því að þess munu vart dæmi að íslenskir dómstólar hafi ekki talið ástæðu til að dæma örorukubætur auk bóta fyrir ófjárhagslegt tjón ef tjónþola, sem á skaðabótarétt, hefur verið metin varanleg læknisfræðileg öroruka, sbr. þó H 1988, 267.

Þó að regla 5. gr. um fjárhagslegt örorikumat kunnist oft að leiða til þess að bætur fyrir fjártjón af völdum varanlegrar læknisfræðilegrar öroruku verði engar eða minni en bætur eftir núgildandi skaðabótareglum getur þessu verið öfugt farið. Læknisfræðileg öroruka kann, eins og áður segir, að valda meiri skerðingu á getu til að afla vinnutekna en sem nemur þeim hundraðshluta sem hún er metin til. Í slíkum tilvikum mundu reglur frumvarpsins almennt veita meiri örorukubætur en reglur sem nú gilda. Dæmi: Skurðlæknir skaddast á hendi og er öroruka eftir læknisfræðilegu mati 20%. Vegna meiðslanna verður hann að hætta skurðaðgerðum og á einungis kost á störfum sem fyrirsjáanlega gefa af sér 50% lægri tekur til frambúðar. Regla 5. gr. veitir í þessu tilviki rétt til bóta fyrir 50% öroruku. Eftir núgildandi dómvenju mundi 20% matið væntanlega lagt til grundvallar, en lítið yrði til þess til hækkunar á örorukubótum að fjártjón læknisins er í raun meira en 20%.